



## RÍKISLÖGMAÐUR

Hverfisgötu 6 4. hæð 150 Reykjavík

sími: 545 8490 bréfasími: 562 9280

kennitala: 600186 1759

# Ársskýrsla embættis ríkislögmans 2010

## I. Inngangur

Samkvæmt reglugerð um ársskýrslu ríkislögmans sem forsætisráðuneytið gaf út þann 22. janúar 2008 skal embætti ríkislögmans árlega senda ráðherra skýrslu þar sem gefið er yfirlit yfir megin þætti í starfssemi embættisins. Reglugerð þessi var sett með heimild í 4. gr. laga um ríkislögmann nr. 51/1985, með síðari breytingum.

Ársskýrsla þessi er önnur ársskýrsla embættis ríkislögmans og tekur til starfssemi embættisins fyrir árið 2010.

Embætti ríkislögmans starfar samkvæmt lögum um ríkislögmann nr. 51/1985, með síðari breytingum, eins og fyrr er nefnt. Lögin tóku gildi 1. janúar 1986. Embætti ríkislögmans er sjálfstæð stofnun og heyrir samkvæmt lögnum undir stjórnarráðið. Verkefni embættisins eru skilgreind í lögnum. Þau eru í aðalatriðum eftirfarandi:

1. Uppgjör bótaskrafa sem beint er að ríkissjóði.
2. Lögfræðilegar álitserðir samkvæmt ákvörðun ráðherra og aðstoð við vandasama samningsgerð.
3. Embættið fer með vörn þeirra einkamála fyrir dómstólum og gerðardómum sem höfðuð eru á hendur ríkinu og sókn þeirra einkamála sem ríkið höfðar á hendur öðrum.


Hjá embætti ríkislögmans störfuðu sex starfsmenn í lok árs 2010. Þar af eru fimm lögmenn og einn ritari. Hluta ársins var einn lögmaður í hálfu starfi.

## II. Starfsemi embættisins

Á árinu 2010 var fjárheimild embættis ríkislögmans samtals kr. 66.300.000. Rekstur embættisins á árinu 2010 var innan fjárheimilda ársins. Fjárveiting til embættisins vegna ársins 2010 er kr. 61.600.000. Embættið hefur undanfarin ár reitt sig á flutning fjárheimilda milli ára. Unnið er að því í samráði við forsætisráðuneytið að halda eldri heimildum svo sem nokkur kostur er. Vegna aðhaldskröfu í ríkisrekstri er það erfitt um vik. Ljóst er því að taka verður fjárheimildir embættisins til endurskoðunar.

Hér að neðan gefur að líta yfirlit yfir fjölda þeirra mála sem bárust ríkislögmanni á árinu 2010. Auk þess er yfirlit yfir óafgreidd mál hjá embættinu miðað við 31. desember 2009. Síðan er yfirlit yfir afgreidd mál á árinu 2010 og stöðu óafgreiddra mála þann 31. desember 2010.

	Óafgreitt 31.12.2009	Ný mál 2010	Afgreidd mál 2010	Óafgreitt 31.12.2010
<b>Dómsmál</b>	<b>132</b>	<b>115</b>	<b>133</b>	<b>114</b>
<b>Bótakröfur</b>	<b>45</b>	<b>89</b>	<b>80</b>	<b>54</b>
<b>Erindi</b>	<b>17</b>	<b>22</b>	<b>17</b>	<b>22</b>
<b>Tryggingabætur</b>	<b>20</b>	<b>72</b>	<b>83</b>	<b>9</b>
<b>Ýmislegt</b>		<b>15</b>	<b>12</b>	<b>3</b>
<b>Samtals</b>	<b>214</b>	<b>313</b>	<b>325</b>	<b>202</b>



Samkvæmt framansögðu bárust embættinu 313 ný mál á árinu 2010. Fyrir voru samtals 214 óafgreidd mál í lok árs 2009. 325 málum var endanlega lokið á árinu 2010 og voru 202 mál óafgreidd í lok ársins.

Af nýjum málum á árinu 2010 voru 115 dómsmál. Af þeim voru 83 rekin fyrir héraðsdómi, 26 fyrir Hæstarétti og 6 fyrir Félagsdómi. Bótakröfur voru 89, erindi/álitsgerðir 22, tryggingabótakröfur 72 og önnur mál 15.

Á árinu 2010 voru afgreidd samtals 325 mál, eins og áður sagði. Þar af voru 133 dómsmál, 80 bótakröfur, 17 erindi/álitsgerðir, 83 tryggingabótakröfur og 12 önnur mál.

Um síðustu áramót voru ódæmd 114 dómsmál, 54 bótakröfur voru óafgreiddar, 22 erindi/álitsgerðir og 9 tryggingabótakröfur.

### III. Töluleg sundurliðun verkefna 2010

Ný dómsmál á árinu 2010 skiptast í eftirfarandi flokka og undirflokka:

	Hæsta- réttarmál	Héraðs- dómsmál	Félags- dómsmál		
<b>Dómsmál:</b>					
1 Eignarréttur		2			
2 Félagsdómsmál			6		
3 Innflytjendur, dvalarleyfi	1	5			
4 Stjórn fiskveiða		3			
5 Landbúnaðarmál	1	3			
6 Skaðabótamál:					
~Almenn	3	7			
~Ábyrgð heilbrigðisstarfsmanna	2	6			
~Skaðabætur skv. lögum nr. 69/1995	1	1			
~Athafnir stjórnvalda		3			
~Handtaka/gæsluvarðhald ofl.	3	19			
7 Skattamál	7	9			
8 Starfsmannaréttur:					
~Almenn		1			
~Brottvikning úr starfi / tilfærsla	3	3			
~Vangreidd laun	1	5			
~Áminning í starfi		1			
9 Stjórnsýsla	3	6			
10 Útboðsmál	1				
11 Þinglýsingar		1			
12 Þjóðlendumál		1			
13 Jafnréttismál		1			
14 Réttarfar - kyrrsetning		6			
	<i>Samtals</i>	<b>26</b>	<b>83</b>	<b>6</b>	<b>115</b>

Nýjar bótakröfur á árinu 2010 skiptast í eftirfarandi flokka og undirflokka:

<b>Bótakröfur:</b>	
1 Skaðabætur:	
~Almennar skaðabætur	20
~Ábyrgð heilbrigðisstarfsmanna	11
~Skaðabætur skv. lögreglulögum	33
~Athafnir stjórnvalda	7
~Handtaka/gæsluvarðhald ofl.	12
2 Starfsmannaréttur:	
~Almenn	2
3 Stjórnsýsla	1
4 Aðfararmál	1
5 Þinglýsingar	2
	<i>Samtals</i>
	<b>89</b>

Nýjar tryggingabótakröfur á árinu 2009 skiptast í eftirfarandi flokka og undirflokka:

<b>Tryggingabætur:</b>		
Tryggingabætur skv.		
1	kjarasamningi	
	~almennt	63
	~tilkynningar	9
	<i>Samtals</i>	<i>72</i>


Ný erindi á árinu 2009 skiptast í eftirfarandi flokka og undirflokka:

1	Almenn erindi	13
2	Álitsgerðir	
	~almennt	1
3	Dómkvaðning matsmanna	4
4	Mannréttindadómstóll Evrópu	3
5	Endurupptaka	1
	<i>Samtals</i>	<i>22</i>

Önnur mál:

<b>Ýmislegt:</b>		
1	Ýmis mál	15
		<i>15</i>

Reykjavík, 29. ágúst 2011



Einar Karl Hallvarðsson hrl.